



Reykjavík, 19. júní 2024

MIR24060010

**Viðtakandi:** Menningar- íþróttá og tómstundaráð

**Sendandi:** Öldungaráð

## UMSÖGN

---

### Tillaga um breytingu á gjaldskrá sundstaða

Öldungaráði hefur borist umsagnabeiðni vegna tillögu sviðstjóra menningar- og íþróttasviðs um gjaldskrárbreytingu í sund fyrir eldra fólk en hingað til hefur þessi hópur notið gjaldfrjáls aðgengis að sundlaugum borgarinnar.

Álit innviðaráðuneytisins í máli nr. IRN22010877 útlistar að sveitafélög mega ekki mismuna gestum eftir búsetu og því ekki hægt að veita eldri Reykvíkingum frían aðgang að sundlaugum borgarinnar eins og verið hefur um langt skeið. Sú gjaldtaka sem nemur þremur stökum gjöldum eða 4.000 krónur, er mjög mikið niðurgreidd af útsvarsgreiðendum í Reykjavík. og finnst ráðinu hún vera hófleg.

Samhliða vill öldungaráð vekja athygli á að upphæðin á árskortinu fyrir þennan aldurshóp, er lægst í Reykjavík, miðað við önnur sveitarfélög sem bjóða upp á árskort. Ráðið telur mjög brýnt að mótvægisáðgerðir sem tillagan inniheldur, um að þær tekjur sem koma inn af stökum gjöldum, verði notaðar í þágu heilsueflingar eldra fólks og sú vinna verði unnin í samtali við ráðið. Á sama tíma verði aðsókn hópsins kortlögð þannig að hægt verði að bregðast með sérstökum áðgerðum ef hún breytist og eftir atvikum finna lausnir og koma með mótvægisáðgerðir fyrir þau sem ekki hafa efni á árskortinu.

Öldungaráð vill að skoðað verði í þessu samhengi að bjóða upp á frístundakort fyrir eldra fólk, sama fyrirkomulag og er nú fyrir börn og ungmenni.

Öldungaráði finnst mikilvægt að halda til haga að borgin styrkir nú þegar bæði sundleikfimi í sundlaugum og styrktarþjálfun sem íþróttafélögin halda úti víðsvegar íþróttahúsum borgarinnar fyrir um 34 m.kr á á ári skv. tölum frá árinu 2022.



Reykjavík